

skipulagsskrá

fyrir Styrktarsjóð Bandalags háskólamanna

1. gr

Heiti, varnarþing og heimili

1. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Bandalags háskólamanna (BHM) og er heiti hans skammstafað St. BHM.
2. Varnarþing er í Reykjavík.
3. Heimili og aðalstarfsstöð er að Borgartúni 6 nema sjóðsstjórn ákveði annað.

2. gr

Hlutverk

Sjóðnum skal varið til þess að styrkja sjóðfélaga með fé og koma þannig m.a. til móts við

- tekjutap vegna ólaunaðrar fjarveru sjóðfélaga frá vinnu vegna veikinda sjóðfélaga eða nákominna eða annarra persónulegra aðstæðna;
- útgjöld vegna andláts sjóðfélaga;
- útgjöld sjóðfélaga vegna ýmiss konar heilbrigðisþjónustu;
- óbætt áföll vegna óvæntra starfsloka eða annarra óvæntra áfalla sjóðfélaga.

Hlutverki sínu hyggst sjóðurinn ná með því að hafa gagnsæjar og skýrar reglur þannig að gætt sé jafnræðis sjóðfélaga og um leið skilvirkni og hagkvæmni í rekstri sjóðsins. Stöðlun reglna má þó ekki koma í veg fyrir að sjóðsstjórn sé við sérstakar aðstæður unnt að taka matskenndar ákvarðanir með hliðsjón af persónulegum aðstæðum sjóðfélaga.

3. gr

Form og aðild

1. Styrktarsjóður BHM er sjálfseignarstofnun en stundar ekki atvinnurekstur þar sem meginrekstur sjóðsins snýr eingöngu að sjóðfélögum.
2. Sjóðsaðild öðlast einstaklingar með
 - a) ákvæði í kjarasamningi aðildarfélags BHM við ríki eða sveitarfélag, eða
 - b) ákvæði í kjarasamningi aðildarfélags BHM við sjálfseignarstofnun eða félag sem starfar í almannatjónu samkvæmt lögum, er í fjárlögum eða nýtur fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði af daggjöldum eða úr sveitarfélagssjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða
 - c) ráðningarsamningi félagsmanns í aðildarfélagi BHM við sjálfseignarstofnun eða félag skv. b-lið, eða
 - d) sérstakri ákvörðun sjóðsstjórnar varðandi starfsmenn annarra atvinnurekenda ef laun þeirra starfsmanna miðast við launakjör samkvæmt kjarasamningum aðildarfélaga BHM og atvinnurekanda ber ekki að greiða 1% heildarlauna í Sjúkrasjóð BHM skv. 7. gr. laga nr. 19/1979.
3. Sjóðsaðild byggist á því að greitt sé kjarasamningsbundið eða ráðningarsamningsbundið styrktarsjóðsframlag – 0,3% af heildarlaunum. Framlag skal greiða mánaðarlega til sjóðsins í gegnum Fjölskyldu- og styrktarsjóð opinberra starfsmanna.
4. Sjóðsstjórn lætur gera sjóðfélagatal – eða semur við Fjölskyldu- og styrktarsjóð opinberra starfsmanna (FOS) um gerð sjóðfélagatals – þar sem fram komi nauðsynlegar upplýsingar, svo sem samanlagður (ekki bara samfelldur) sjóðsaldur sérhvers sjóðfélaga, nafn og kennitala sjóðfélaga, og nafn og kennitala síðasta

vinnuveitanda (vinnustaður) og starfshlutfall sjóðfélaga þar. Styrktarsjóður BHM eða FOS skal tvisvar á ári senda aðildarfélögum BHM skilgreinar/sjóðfélagatal félagsmanna þess í því skyni að félögin sannreyni að greitt sé réttilega vegna félagsmanna í sjóðinn.

5. Réttur sjóðfélaga til úthlutunar úr sjóðnum er háður því að greitt hafi verið styrktarsjóðsframlag vegna sjóðfélaga samtals í 6 mánuði og þar af 3 mánuði áður en bótaatburður, sem veitir rétt til styrks úr sjóðnum, átti sér stað. Þó öðlast sá rétt strax sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr Sjúkrasjóði BHM er hann verður sjóðfélagi í Styrktarsjóði BHM. Sama gildir um þá sem öðlast hafa rétt úr sjúkrasjóði annarra stéttarfélaga sem veita fyrrum sjóðfélögum úr Styrktarsjóði BHM sams konar rétt. Launalaust leyfi í allt að 3 mánuði skerðir ekki rétt sjóðfélaga, útborgun styrkja miðast þó við að sjóðfélagi hafi hafið störf á ný. Sjóðsstjórn setur nánari úthlutunarreglur og tekur við sérstakar aðstæður matskennda ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum, sbr. 7. gr.
6. Fyrirverandi sjóðfélagar njóta ekki réttar til styrktar úr sjóðnum nema slíkt sé tekið sérstaklega fram í úthlutunarreglum.
7. Sjóðsaðild og réttindi eru ekki bundin tilteknu starfshlutfalli en sjóðsstjórn getur miðað úthlutunarreglur eða matskenndar ákvarðanir skv. 7. gr., svo sem fjárhæð dagpeninga, við starfshlutfall sjóðfélaga á þeim tíma þegar bótaatburður, sem veitir rétt til styrks úr sjóðnum, átti sér stað.

4. gr

Fulltrúaráð

1. Í fulltrúaráði sjóðsins eiga sæti einn fulltrúi fyrir hvert aðildarfélag BHM sem hefur kjarasamningsbundna aðild félagsmanna sinna að sjóðnum; þó þannig að tveir fulltrúar eru fyrir þau félög sem hafa 500 eða fleiri greiðandi félagsmenn í stéttarfélagi (sjóðfélagi). Ef fulltrúar félags eru tveir skipta þeir á milli sín atkvæðum félagsins. Fulltrúar hafa atkvæðisrétt eftir fjölda greiðandi félagsmanna í hlutaðeigandi stéttarfélagi (sjóðfélagi), hið minnsta eitt atkvæði en auk þess eitt fyrir hvert byrjað hundrað félagsmanna umfram eitt hundrað.
2. Losni staða fulltrúaráðsmanns skal félagið tilnefna annan í hans stað.

5. gr

Ársfundur fulltrúaráðs

1. Ársfundur fulltrúaráðs Styrktarsjóðs BHM skal halda á tímabilinu mars til maí ár hvert, þó þannig að það ár sem haldinn er aðalfundur BHM (jöfn tala) sé ársfundur haldinn í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfundinn. Ársfundur skal auglýstur með minnst hálfsmánaðar fyrirvara þar sem dagskrár er getið.
2. Ársfundur fjallar um fjárfestingastefnu sjóðsstjórnar og skýrslu, endurskoðaða reikninga, fjárhagsáætlun og árlegt mat tryggingarstærðfræðings á stöðu sjóðsins miðað við úthlutunarreglur, svo og breytingar á starfsháttum sjóðsins og skipulagsskrá. Á ársfundum skulu einnig kynntar sérstaklega ákvarðanir sjóðsstjórnar um breytingar á úthlutunarreglum. Endurskoðaða reikninga skal leggja fyrir aðalfund BHM til kynningar og tillögur um breytingar á skipulagsskrá skulu þar lagðar fram til afgreiðslu, sbr 10. gr.
3. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá sjóðsins ef fyrir liggja skulu fylgja fundarboði.
4. Á dagskrá ársfundar skulu ma vera eftirtaldir liðir (e-liður og f-liður annað hvert ár, ójöfn tala)
 - a) Skýrsla stjórnar og fjárfestingarstefna

- b) Endurskoðaðir reikningar.
- c) Fjárhagsáætlun og árlegt mat tryggingarstærðfræðings á stöðu sjóðsins.
- d) Tillaga um breytingar á skipulagsskrá og starfsháttum.
- e) Kjör sjóðsstjórnar til tveggja ára í senn: formanns, varaformanns og 3ja stjórnarmanna, svo og tveggja til vara.
- f) Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga til tveggja ára í senn og varamanna þeirra.
- g) Önnur mál.

6. gr

Sjóðsstjórn

1. Sjóðsstjórn skal skipuð 5 stjórnarmönnum. Aðeins einn félagsmaður úr hverju félagi þar sem félagsmenn hafa kjarasamningsbundna aðild að sjóðnum getur verið í framboði til sjóðsstjórnar hverju sinni. Þetta ákvæði á ekki við um kjör formanns.
2. Enginn stjórnarmaður skal sitja lengur í stjórn en 8 ár í einni lotu en fyrri stjórnarstörf formanns skulu þó undanskilin. Hætti meirihluti stjórnar störfum á kjörtímabilinu skal boða til aukaársfundar St. BHM, innan mánaðar, þar sem á dagskrá skal vera kjör allrar sjóðsstjórnar skv e-lið 4. mgr. 5. gr.
3. Sjóðsstjórn skiptir sjálf með sér verkum að öðru leyti en því sem ákveðið er í e-lið 4. mgr. 5. gr. og skal einn stjórnarmanna vera gjaldkeri og annar ritari.
4. Sjóðsstjórn annast alla umsjón með eignum sjóðsins og fer með rekstur hans í umboði fulltrúaráðsins. Sjóðsstjórn skal leggja fyrir ársfund fulltrúaráðsins og aðalfund BHM skýrslu um starfsemi sjóðsins. Allar mikilvægar ákvarðanir varðandi fjárfestingarstefnu, skuldbindingar og breytingu reglna um úthlutun skal kynna í fulltrúaráði
5. Sjóðsstjórn boðar til funda fulltrúaráðsins. Að jafnaði skulu haldnir a.m.k. 2 fundir árlega.

7. gr.

Úthlutunarreglur

1. Sjóðsstjórn setur almennar úthlutunarreglur (sem starfsmenn sjóðsins framkvæma) og tekur matskenndar ákvarðanir um úthlutun.
2. Úthlutunarreglur skulu reglulega kynntar aðildarfélögum og sjóðfélögum á viðeigandi vettvangi.
3. Úthlutunarreglur skulu endurskoðaðar þegar matskenndar ákvarðanir sjóðsstjórnar gefa tilefni til og eigi sjaldnar en árlega og birtar, svo breyttar, á aðgengilegan hátt, svo sem í miðlum BHM. Taka íþyngjandi breytingar ekki gildi fyrir en við slíka birtingu. Breytingar á úthlutunarreglum skulu kynntar sjóðfélögum sérstaklega á viðeigandi vettvangi.
4. Stjórnin lætur vinna úr umsóknum og kynna niðurstöður bréflega og með rökstuðningi með vísan í reglur eða mat stjórnar.

8. gr

Fjármál

1. Sem sjálfseignarstofnun hefur Styrktarsjóður BHM sjálfstæðan fjárhag. Stofnfé er 1.000.000 – ein milljón – kr.
2. Reikningsárið er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til afgreiðslu á ársfundi fulltrúaráðsins og til kynningar á aðalfundi BHM. Við

frágang efnahagsreiknings skal gæta þess að hann sýni sem gleggst raunverulega eigna- og skuldastöðu.

9. gr

Úrsögn

Sjóðfélagi telst segja sig úr Styrktarsjóði BHM ef kjarasamningsbundin eða umsamin styrktarsjóðsframlög hætta að berast sjóðnum en fyrri sjóðsaðild nýtist eftir 3ja mánaða veru í sjóðnum að nýju taki sjóðsframlög að berast vegna hans á ný. Sjóðfélagi getur ekki gert kröfu um hlutdeild í eignum sjóðsins við úrsögn og framlög eða árgjöld einstaklinga í sjóðinn eru óendurkræf.

10. gr

Breytingar á skipulagsskrá

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta á aðalfundi BHM að fenginni samþykkt ársfundar fulltrúaráðs sjóðsins. Hafa þá einungis þau félög atkvæðisrétt sem eiga sjóðfélaga í sjóðnum og þá með vegnum atkvæðum samkvæmt fjölda greiðandi sjóðfélaga. Til að tillaga um breytingu á skipulagsskrá þessari sé tekin fyrir á ársfundi sjóðsins verður hún að berast skrifstofu sjóðsins fyrir áramót næst á undan aðalfundi BHM. Tillaga um breytingu á skipulagsskrá þessari verður að hljóta meirihluta atkvæða kjörinna fulltrúa á ársfundi til að vera lögð fyrir aðalfund BHM til afgreiðslu. Ef tillaga um breytingu á skipulagsskrá þessari varðar breytingu á aðildarskilyrðum skv. 3. gr. eða úrsagnarákvæðum skv. 9. gr. verður hún að hljóta samþykki með atkvæðum a.m.k. 2/3 kjörinna fulltrúa.

11. gr

Slit eða sameining

1. Um ákvörðun um að leggja Styrktarsjóð BHM niður eða sameina hann öðrum aðila fer eftir 10. gr. að öðru leyti en því að tillaga um það þarf að hljóta samþykki með atkvæðum a.m.k. $\frac{3}{4}$ kjörinna fulltrúa – bæði á ársfundi fulltrúaráðs Styrktarsjóðsins og á aðalfundi BHM.
2. Þegar lögmaet ákvörðun um slit Styrktarsjóðs BHM hefur verið tekin skal eignum sjóðsins varið í samræmi við markmið sjóðsins eftir nánari ákvörðun ársfundar Styrktarsjóðsins og aðalfundar BHM.

12. gr

Lokaákvæði

1. Skipulagsskrá þessi fyrir sjálfseignarstofnunina Styrktarsjóð BHM, kt. 570101-3310. er samin með hliðsjón af lögum nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, sem öðluðust gildi hinn 1. nóvember 1999, án þess að með því sé viðurkennt eða ætlunin að lögin taki til Styrktarsjóðs BHM.
2. Aðildarfélag BHM teljast stofnendur sjálfseignarstofnunarinnar en framlagsfé er komið frá framlagi ríkis og sveitarfélaga samkvæmt samningi við BHM ásamt BSRB og KÍ frá 24. október 2000 um greiðslu 0,3% af heildarlaunum félagsmanna aðildarfélaga BHM til sjóðsins en það er tekið af 0,41% framlagi samkvæmt samningnum; mismunurinn – 0,11% - rennur til Fjölskyldu- og styrktarsjóðs opinberra starfsmanna samkvæmt ákvörðun aðila. Stofnfé er 1.000.000 kr., sbr. 8. gr., og er ekki tekið við öðru en reiðufé í tengslum við stofnunina.
3. Sjóðfélagar og eftir atvikum þeir sem annast útför sjóðfélaga, sbr. úthlutunarreglur skv. 7. gr., njóta einir réttinda í sjóðnum. BHM nýtur ekki annarra sérréttinda í

sjálfseignarstofnuninni en ákvörðunarvalds um breytingar á samþykktum og niðurlagningu, sbr. 10. og 11. gr.

4. Fjöldi stjórnarmanna er 5, sbr. 6. gr., en fjöldi fulltrúaráðsmanna ræðst af fjölda sjóðfélaga og stéttarfélaganna þeirra, sbr. 4. gr., sem nú eru 24 talsins, stofnaðilar. Hagnaði skal varið í samræmi við hlutverk sjóðsins, sbr. 2. gr., en ef tap verður á rekstrinum skal farið með það eftir ákvörðun ársfundar fulltrúaráðsins.
5. Skipulagsskrá þessi er samþykkt á stofnfundi fulltrúaráðs Styrktarsjóðs BHM 13. júní 2001 og tekur þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða

Fyrstu úthlutunarreglur St.BHM, sem sjóðsstjórn setur skv. 7. gr., skulu birtar opinberlega á viðeigandi vettvangi, svo sem í miðlum BHM, að lokinni kynningu á fyrsta fulltrúaráðsfundi eftir stofnfund og taka gildi að því loknu.